

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

83. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn mánudaginn 2. júlí 2018 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Hjördís Albertsdóttir og Jón Ingi Gíslason frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Inga Rún Ólafsdóttir sat fundinn undir dagskrárlið 5.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Ósk kennara um greiðslu í þeim tilvikum sem hann matast með nemendum. – 1712040SA

Málið lítur að kennara sem frá upphafi ráðningar segist hafa snætt með nemendum sínum í 20 mínútur á dag og telur sig því ekki hafa notið kjarasamningsbundinna réttinda um að njóta matarhlés skv. gr. 3.1.2.

Niðurstaða:

Lagt fram minnisblað frá FG vegna málsins. Afgreiðslu frestað meðan frekari gagna er aflað.

2. Ágreiningur um fyrirkomulag matartíma kennara á yngsta stigi - 1805031SA

Málið lítur að fyrirkomulagi matarhlés kennara í yngri deild sem útfært er þannig að það nær yfir tímabilið klukkan 11:20 - 11:50. Samkvæmt grein 3.1.1 í kjarasamningi skal matarhlé vera 30 mínútur á tímabilinu klukkan 11:30 – 13:30 og telst hann eigi til vinnutíma. Fyrirkomulagið felur í sér að 10 mínútur standa utan við það tímabil sem matarhlé skal tekið skv. grein 3.1.1.

Niðurstaða:

Lagt fram minnisblað skólastjóra vegna málsins. Afgreiðslu frestað meðan frekari gagna er aflað.

3. Vinnumat kennara sem telja sig vinna sambærileg störf. – 1805032SA

Málið lítur að óánægju kennara sem fékk ekki sömu niðurstöðu úr vinnumati og samstarfsmaður. Niðurstaðan leiddi til þess að kennsluskylda kennarans var ekki sú sama svo munaði einni kennslustund.

Niðurstaða:

Lögð fram gögn frá skólastjóra vegna málsins. Afgreiðslu frestað meðan frekari gagna er aflað.

4. Ávinnsla kennsluferils í launuðu námsleyfi.

Niðurstaða:

Ávinnsla kennsluferils í launuðu námsleyfi er jöfn lengd hins launaða námsleyfis.

5. Áréttingar sammingsaðila vegna einstaka atriða í tengslum við túlkun á kjarasamningi.

Aðilar eru sammála um eftirfarandi:

a. Hugtakið „vinnumat“ fellt út úr kjarasamningi

Vinnuskýrsla kennara nær nú utan um skipulag vikulegrar vinnuskyldu og kemur í stað vinnumatseyðublaðs. Skólastjóri ráðstafar vinnu kennara til þeirra faglegu starfa og verkefna sem starfsemi grunnskólans kallar á. Við upphaf skólaárs skal skólastjóri ákveða dagleg mörk viðverutíma í samráði við kennara. Ákvæði um viðveru kennara á vinnustað eru óbreytt sbr. ákvæði greinar 2.1.6.1 í kjarasamningi aðila. Í kjarasamningi segir m.a. „Vinnutími kennara, skólasafnakennara og náms- og starfsráðgjafa skal vera samfelldur og unninn undir stjórn skólastjóra. Skólastjóri og kennari geta gert með sér samkomulag um að kennari inni af hendi hluta sinnar vinnu utan vinnustaðar.“

b. Uppbrotsdagar

Uppbrotsdagar þar sem allt vinnuframlag kennara er til ráðstöfunar mega vera 10 talsins yfir skólaárið. Uppbrotsdaga skal geta á skóladagatali. Skóladagatal getur tekið breytingum eftir nánari ákvörðun skólastjóra. Breytingar á skóladagatali skulu gerðar samkvæmt þeim aðferðum sem lög, reglugerðir og kjarasamningar kunna að mæla fyrir um. Þessa daga er ekki greidd yfirvinna nema í þeim tilvikum sem vinnuframlag kennara fer út fyrir daglegt vinnuframlag. Skólastjórnanda er heimilt að skipuleggja fleiri daga en þessa 10 daga til að auka fjölbreytni með óhefðbundnu skólastarfi þar sem stundatöflu nemenda er breytt verulega. Þessa daga er aðeins sá tími sem kennari hefur í kennsluskyldu til ráðstöfunar í þessu skyni og ekki þarf að geta þeirra á skóladagatali.

c. Önnur fagleg störf

Allur vinnutími kennara er unninn undir stjórn skólastjóra þ.m.t. sá tími sem skilgreindur er til annarra faglegra starfa eða samtals 8,14 klst. Fjórar klukkustundir sem skólastjóri getur skv. kjarasamningi varið til funda, s.s. samstarfsfunda, kennarafunda og viðtalstíma eru einungis vegna funda sem lúta með beinum hætti að málefnum skólans sem stofnunar, skipulagi og framkvæmd skólastarfs.

d. Greiningarvinna og fundir vegna þeirra.

Greiningarvinna og fundir vegna þeirra eru hluti af faglegum störfum kennara. Ef greiningarvinna og fundir vegna þeirra rúmast ekki innan árlegs vinnuframlags skal greiða fyrir þau með yfirvinnu.

e. Umsjón með list- og verkgreinastofum, innkaupum og viðhald búnaðar.

Ef skólastjóri felur kennara umsjón með list- og verkgreinastofum, innkaupum og viðhald búnaðar sem hluta af faglegum störfum, skal tryggt að sú vinna rúmist innan þess tíma sem ætlaður er til faglegra starfa eða tími sé tekin frá með öðrum hætti til að sinna þeirri vinnu. Að öðrum kosti greiðist fyrir þau störf með yfirvinnu.

f. Yfirvinnugreiðslur og áhrif þeirra á árlegt vinnuframlag

Allar yfirvinnugreiðslur lengja árlegt vinnuframlag kennara.

g. Gildistími kennsluafsláttar kennara sem tekur að sér leiðsögn nýliða

Kennsluafsláttur kennara sem tekur að sér leiðsögn nýliða gildir þann tíma sem verkefnið varir og getur náð til lengri eða skemmri tíma skv. ákvörðun skólustjóra.

h. Tæknifrjógungun

Þeim starfsmönnum sem eru fjarverandi vegna tæknifrjógungunar eru greidd dagvinnulaun og eftir atvikum vaktaálag skv. reglubundinni verðskrá (eins og vegna veikinda barns) í **allt að** 15 vinnudaga við hverja meðferð ef nauðsyn krefur. Starfsmanni ber að skila læknisvottorði.

6. Önnur mál.

a. Lagt fram til kynningar mál er lítur að því hvort kennarar sem skv. fæðingarorlofslögum nr. 95/2000 njóta lengri fæðingarorlofsréttar en 6 mánuði (sbr. **V. Kafla Undanþágutilvik**) gangi inn í það samkomulag sem aðilar eru sammála um að gildi um framkvæmd vegna þeirra kennara sem njóta fæðingarorlofs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:04.